



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni tillögu:

Lagt er til að samþykkt verði tillaga styrkjanefndar velferðarráðs að úthluta styrk til Afstöðu, félags fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, 2.500.000 kr.

Greinargerð:

Styrkjaþottur velferðaráðs fyrir árið 2019 hljóðaði upp á 138.531.894 kr. Samtals var úthlutað 134.600.000 kr. á árinu og voru því eftirstöðvar 3.931.894 kr.

Forsvarsmenn Minningasjóðs Einars Darra skiluðu styrk sem þau fengu vegna þjóðfundar sem var grundvöllur styrkveitingarinnar, en styrkurinn hljóðaði upp á 9.000.000 kr. Þann 13. nóvember samþykkti velferðarráð að veita Foreldrahúsi – Vímulausri æsku 3.000.000 kr. viðbótarstyrk. Eftirstöðvar til styrkveitinga fyrir árið 2019 eru því samtals 9.931.894 kr.

Þann 8. desember 2019 óskaði Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, eftir styrk frá velferðarráði Reykjavíkurborgar vegna verulegra og ófyrirséðra útgjalda árið 2019. Verkefnum félagsins hefur fjölgað í kjölfar aukinnar þjóðfélagsumræðu um málefni fanga og félagið. Vegna aukinna umsvifa félagsins er fjárhagsstaða þeirra slæm og hefur því Afstaða óskað eftir 2.500.000 kr. styrk til þess að geta haldið starfsemi félagsins með svipuðu sniði áfram.

Í grein 4.2 í styrkjahandbók Reykjavíkur er kveðið á um að ráðinu sé heimilt að halda eftir 5% samþykkrar heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar. Þar kemur einnig fram að ef sérstakar málefnalegar aðstæður liggi fyrir sé heimilt að halda allt að 10% samþykkrar heildarupphæðar. Á grundvelli þess ákvæðis er lagt til að styrkurinn verði veittur.

Fylgiskjal: Bréf, dags. 8. desember 2019